

**3603. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 25. september 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2508147 - Fyrirspurn um samstarf og fjárfamlög Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Fyrirspurn Vilhjálms Birgissonar hefur verið til vinnslu hjá sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og drög að svari liggja fyrir.

Vilhjálmur Birgisson situr fundinn undir þessum dagskrálið.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr einnig fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir liðum nr. 2 til og með 5.

Bæjarráð þakkar Vilhjálmi kærlega fyrir komuna og hreinskíptar umræður að vanda.

Bæjarráð ígrundar næstu skref í málinu.

Vilhjálmur Birgisson víkur af fundi.

2. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Fastur fundarliður bæjarráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar.

Farið yfir stöðu á vinnunni.

Lagt fram.

Gert er ráð að á næsta fundi bæjarráðs verði komin skýrari mynd af ýmsum grundvallarforsendum sem nauðsynlegar eru til að ná heildstæðri mynd utan um verkefnið.

Samþykkt 3:0

3. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Fyrirhugaður er vinnufundur bæjarfulltrúa um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunina.

Ákveðið að fresta vinnufundi bæjarfulltrúa sem fyrirhugaður er síðar í dag.

Gert ráð fyrir að vinnufundurinn verði þann 9. október nk. kl. 16:30.

Samþykkt 3:0

4. 2503064 - Mánaðayfirlit 2025

Mánaðaryfirlit janúar - júlí 2025.

Lagt fram.

Batamerki eru í rekstrinum og þróunin í rétt átt. Framlög Jöfnunarsjóðs eru enn töluvert undir áætlun og óskar bæjarráð eftir að ítrekuð verði fyrri fyrirspurn Akraneskaupstaðar um skýringar og hvort væntanleg sé uppfærð áætlun frá sjóðnum.

Bæjarráð áréttar sem fyrr mikilvægi áframhaldandi aðhalds í rekstri og óskar eftir tilteknum skýringum og gögnum og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu þess.

Samþykkt 3:0

5. 2411163 - Samræmd móttaka flóttafólks - samningur 2025

Fyrir liggja áform um lagasetningu um breytingar á verkefnaskipan í móttöku flóttafólks á milli ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt bréfi félags- og húsnæðismálaráðuneytis dags. 5. september sl., til Sambands íslenskra sveitarfélaga, er upplýst að komi til þess að frumvarp verði að lögum, sem fæli í sér breytingar á fyrrkomulagi í tengslum við móttöku flóttafólks, verði gert ráð ráð fyrir gildistöku þess 6 mánuðum eftir gildistöku laganna.

EKKI liggur endanlega fyrir hvernig samning ríkið mun bjóða sveitarfélögum vegna samræmdirar móttöku á næsta árið 2026 eða þangað til breytingar á grundvelli nýrra laga koma til framkvæmda.

Samkvæmt fyrilliggjandi minnisblaði til bæjarráðs, dags. 26. ágúst sl. er þess óskað að tryggt verði fast 80% stöðugildi fagaðila í ráðgjafadeild óháð samningum við ríkið.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 02.09.25 var eftirfarandi bókað: Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda stöðugleika í velferðarþjónustu sveitarfélagsins og er því fylgjandi því að leitað verði allra leiða til að tryggja áfram 80% stöðugildi sérfræðings í ráðgjafadeild.

Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældar fullorðinna og Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs sitja fundinn undir þessum dagskrálið og Hildigunnur áfram undir dagskráliðum nr. 7 og nr. 8.

Samkvæmt fyrilliggjandi minnisblaði til bæjarráðs, dags. 26. ágúst sl. er þess óskað að tryggt verði fast 80% stöðugildi fagaðila í ráðgjafadeild óháð samningum við ríkið.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 02.09.25 var eftirfarandi bókað: Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda stöðugleika í velferðarþjónustustu sveitarfélagsins og er því fylgjandi því að leitað verði allra leiða til að tryggja áfram 80% stöðugildi sérfræðings í ráðgjafadeild.

U.P

W

Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældar fullorðinna og Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs sitja fundinn undir þessum dagskrálið og Hildigunnur áfram undir dagskráliðum nr. 7 og nr. 8.

Bæjarráð samþykkir að gert verði ráð fyrir umbeðnu stöðugildi fagaðila í ráðgjafadeild tímabundið í eitt ár til viðbótar.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að kynna nánar forsendur ákvörðunar bæjarráðs fyrir stjórnendum og starfsmönnum ráðgjafadeildar.

Samþykkt 3:0

6. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024

Gögn vegna útboðs á akstursþjónustu Akraneskaupstaðar lögð fram að yfirfönum athugasemdum bæjarráðs frá síðasta fundi.
Stjórn höfða samþykkti á fundi sínum 15. september sl. að taka þátt í útboðinu. Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs verður sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs til aðstoðar við endanlegan frágang útboðssins.

Bæjarráð felur sviðsstjórum velferðar- og mannréttindasviðs og skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir víkur af fundi.

7. 2506125 - Golfklúbburinn Leynir - æfingaaðstaða innanhúss

Bæjarráð fól sviðsstjórum stjórnsýslu- og fjármálasviðs og skóla- og frístundasviðs að vinna drög að samningi um húsnæðisstuðning vegna æfingaaðstöðu fyrir börn- og ungmenni hjá GL sem einnig nýtist FEBAN og Sprækum Skagamönnum.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskrálið nr. 8.

Drög að samningi lögð fram.

Lagt fram.

Bæjarráð felur sviðsstjórum frekari úrvinnslu málsins og að uppfæra drögini til samræmis við athugasemdir bæjarfulltrúa.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

8. 2509070 - Aggapallur - ósk um samstarf og nýtingu húsnæðis

Samstarf og nýting á Aggapalli ásamt nýtingu á aðstöðunni á Aggapalli.
Drög að samningi lögð fram.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi drög með tilteknum breytingum og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og undirritun samningsins.

J.L.B

V

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.

9. 2509118 - Suðurgata 108 - Umsókn um byggingarlóð

Bernharðsbörn ehf. sækir um byggingarlóð að Suðurgötu 108.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskráliðum nr. 12 til og með 15.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Suðurgata 108 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

10. 2509117 - Suðurgata 110 - Umsókn um byggingarlóð

Prime Consult ehf. sækir um byggingarlóð að Suðurgötu 110.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Suðurgata 110 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

11. 2509122 - Suðurgata 112 - Umsókn um byggingarlóð

Þróttur ehf. sækir um byggingarlóð að Suðurgötu 112.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Suðurgata 112 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

12. 2505171 - Sementsreitur útboð á byggingarrétti C4 og E

Sementsreitur, lóðir C4 og E.

Ákvörðun um næstu skref (afgreiðslu var frestað á síðasta fundi).

Bæjarráð samþykkir að úthlutun lóðanna á reitum C4 og E verði samhliða úthlutun lóða á á reitum A og B.

Samþykkt 3:0

13. 2509149 - Akrakot - landamerki og hús

Yfirferð varðandi landamerki, uppsögn á leigusamningi o.fl.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins en tengt samningnum eru m.a. atriði sem seljendur þurfa að hlutast til um og einnig þarf Akraneskaupstaður að segja upp búsetuheimild seljanda samkvæmt samningum fyrir tiltekin tíma.

Samþykkt 3:0

14. 2509152 - Skógræktarfélag Akraness - styrkbeiðni

Skógræktarfélag Akraness - styrkbeiðni vegna fjárhagsáætlunar 2026.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2026.

Samþykkt 3:0

15. 2509156 - 180. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr.138 2011. Umsagnarfrestur er til og með 13.10.2025

180. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr.138 / 2011. Umsagnarfrestur er til og með 13.10.2025

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsögn og málið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Samþykkt 3:0

15. 2410074 - Ræsting stofnana - útboð 2026

Útboð ræstinga hefur verið opnað.

Eftirfarandi tilboð bárust:

iClean ehf. kr. 122.673.231

Sólár ehf. kr. 127.626.561

Dagar hf kr. 146.296.050

Ap þrif kr. 168.448.281

Tergo ehf kr. 257.749.640

Kostnaðaráætlun var kr. 135.901.328.

Bæjarráð felur verkefnastjóra framkvæmda að ganga til viðræðna við lægstbjóðanda.

Samþykkt 3:0

16. 2509180 - Norðurál - uppsagnir starfsmanna

Uppsagnir starfsmanna Norðuráls

Bæjarráð harmar mjög þá stöðu sem er uppi hjá Norðurál á Grundartanga þar sem segja á upp 25 starfsmönnum á framleiðslusviði og ástæðan sögð vera aukinn framleiðslukostnaður og minni framleiðsla.

Bæjarráð hyggst óska eftir fundi með forstjóra fyrirtækisins og fara nánar yfir þá stöðu sem er uppi.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

17. 2504070 - Fundir bæjarráðs 2025

Samkvæmt fyrirliggjandi fundadagskrá er næsti fundi bæjarráðs þann 16. október 2025.

Bæjarráð samþykkir að næsti reglulegi fundur bæjarráðs verði fimmtudaginn 9. október nk. kl. 08:15.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:15.

Lit Lárusdóttir

Valgaður ~~og Þóra~~

Ragnar Sæmundsson

María Þurðar
Sæmundsson